

Vinnuvélatrygging

Staðlað upplýsingarblað um tryggingu



SKILMÁLI E-37

Upplýsingaskjal þetta tilgreinir einungis helstu atriði tryggingarinnar, s.s. hvað er innifalið og hvað ekki. Ekki er um að ræða tæmandi upptalningu né persónulegt yfirlit yfir tryggingar sem viðskiptavinir velja. Upplýsingaskjalið hefur ekki lagalega þýðingu og gegnir eingöngu þeim tilgangi að upplýsa viðskiptavini um helstu þætti tryggingarinnar. Tryggingayfirlit og nákvæmar upplýsingar um samningsskilmála sem gilda eru aðgengilegar á váttryggingarskírteini tryggingarinnar sem hægt er að nálgast á Mínum síðum Varðar. Skilmálar tryggingarinnar hafa að geyma tæmandi upplýsingar um váttryggingarverndina og eru hluti af samningi aðila ásamt váttryggingarskírteini.

Hvernig trygging er Vinnuvélatrygging?

Vinnuvélatrygging er samsett af einni eða fleiri af eftirfarandi tryggingum: Kaskótryggingu vinnuvéla sem bætir skemmdir á vinnuvél sem tilgreind er á skírteini, Ábyrgðartryggingu sem tekur til skaðabótaábyrgðar utan samninga, sem fellur á váttryggðan sem eiganda tilgreindar vinnuvélar og myndast við notkun hennar, Ábyrgðartryggingu við akstur sem tekur til skaðabótarábyrgðar utan samninga, sem fellur á váttryggðan sem eiganda tilgreindar vinnuvélar og myndast við notkun vinnuvélar sem ökutækis og Brunatryggingu sem bætir skemmdir vegna bruna á vinnuvél sem tilgreind er á skírteini.



Hvað bætir tryggingin?

Kaskótrygging vinnuvéla

- ✓ Tryggingin bætir tjón á tryggðri vinnuvél af völdum skyndilegra og óvæntra, utanaðkomandi atvika sem ekki eru sérstaklega undanskilin eða takmörkuð í skilmála.
- ✓ Tjón á tryggðri vinnuvél vegna eldsvoða.
- ✓ Tjón á tryggðri vinnuvél vegna þjófnaðar og skemmdarverka.
- ✓ Tjón á tryggðri vinnuvél vegna ofsaveðurs.
- ✓ Tjón á tryggðri vinnuvél vegna aur- eða vatnsflóða, skriðufalla, snjóflóða, verkfallsaðgerða eða uppþota.

Ábyrgðartrygging

- ✓ Tryggingin tekur til skaðabótaábyrgðar utan samninga, sem fellur á tryggðan vegna slysa á mönnum eða skemmda á munum, vegna notkunar vinnuvélar þeirrar sem getið er í skírteini.

Ábyrgðartrygging við akstur

- ✓ Tryggingin tekur til skaðabótaábyrgðar utan samninga, sem fellur á tryggðan vegna slysa á mönnum eða skemmda á munum, vegna notkunar vinnuvélar sem ökutækis.

Brunatrygging

- ✓ Tryggingin bætir tjón á vinnuvélinni vegna eldsvoða, eldingar eða sprengingar sem stafar af eldsvoða.



Hvað bætir tryggingin ekki?

Kaskótrygging vinnuvéla

- ✗ Tjón á lakki, málningu eða ytra byrði á vinnuvél sem rýra ekki notagildi, jafnvel þótt ábyrgð framleiðanda falli niður við ákomu. Hér er t.d. átt við rispúr, beyglur, höggsár, sveigju eða núningsmerki.
- ✗ Þjófnað á einstökum hlutum vinnuvélar, t.d. stjórnækjum og hæðarmælum.
- ✗ Skemmdir eða tjón sem verða af sliti eða ófullnægjandi viðhaldi, fúa, tæringu, málmþreytu eða sambærilegum orsökum.
- ✗ Tjón sem verður vegna foks á sandi, mól eða öðrum jarðefnum.
- ✗ Tjón vegna sjávarfalla.
- ✗ Tjón sem eiga sér stað utan Íslands, eða í flutningi til eða frá landi.
- ✗ Tjón af völdum vélarbilunar, framleiðslu- eða hönnunargalla, mistök við uppsetningu, rangri samsetningu eða annarri bilun í eða á vinnuvélinni.
- ✗ Tjón sem aðeins varða hjól, hjólbarða, reimar, skriðbelti, keðjur, lyftu- eða færribönd, fjaðrir, rafgeymi og gler (annað en rúður).
- ✗ Tjón á strokkum, kæli, raf- og vélarbúnaði eða öðrum hlutum vinnuvélar sem stafa af því að kælivatnið eða annað vökvakerfi frýs eða ofhitnar.
- ✗ Tjón eða skemmdir sem eru á ábyrgð framleiðenda eða seljanda samkvæmt lögum eða samningum.

Ábyrgðartrygging

- ✗ Skaðabótaskyld tjónsatvik vegna notkunar vinnuvélar sem ökutækis í almennri umferð.
- ✗ Skemmdir eða glötun muna sem tryggður eða stjórnandi á einn eða með öðrum.
- ✗ Viðtækari ábyrgð en venjuleg skaðabótaskylda utan samninga.

- ✘ Tjón á munum sem tryggður hefur að láni, á leigu, til geymslu, sölu eða flutnings eða eru af öðrum ástæðum í hans vörslu. Þar á meðal munir sem tryggður hefur tekið í heimildarleysi.
- ✘ Tjón sem hlýst af því að söluvara berst viðtakanda ekki eða ekki í tæka tíð.
- ✘ Tjón sem starfsábyrgðartrygging tekur til, hvort sem hún er fyrir hendi eða ekki.
- ✘ Tjón af völdum kjarnorku eða geislavirkra efna.
- ✘ Beint og óbeint tjón af völdum asbest (asbestos) eða efnis sem inniheldur að einhverju leyti asbest.
- ✘ Mengunartjón nema rekja megi það til eins skyndilegs og óvænts atburðar sem ekki var unninn af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi.
- ✘ Tjón við jarðgangagerð og námuvinnslu.
- ✘ Tjón við áfyllingu flugeldsneytis.
- ✘ Tjón vegna notkunar vinnuvélar á flugvöllum og flugbrautum.

Ábyrgðartrygging við akstur

- ✘ Tryggingin bætir ekki tjón sem eru undanskilin í Ábyrgðartryggingu, en undanskilur ekki skaðabótaskyld tjónsatvik vegna notkunar vinnuvélar sem ökutækis í almennri umferð.

Brunatrygging

- ✘ Trygging bætir ekki tjón nema eldur sé laus. Það telst ekki eldsvoði þegar hlutir sviðna eða bráðna ef eldur er ekki laus.



Eru einhverjar takmarkanir eða varúðarreglur?

- ! Vátryggðum ber að fylgja varúðarreglum Varðar.
- ! Sé vinnuvélin með lokuðu læsanlegu húsi skal henni tryggilega læst þegar farið er frá henni og rúðum eða sóllúgu lokað. Lyklar að vinnuvélinni skulu geymdir á öruggum stað þar sem óviðkomandi eiga ekki greiðan aðgang.
- ! Vátryggður skal vera í líkamlegu ástandi til þess að geta stjórnað vinnuvélinni örugglega og ekki undir áhrifum áfengis, örvandi eða deyfandi lyfja.
- ! Vátryggður skal hafa hæfni til þess að stjórna vinnuvélinni örugglega og hafa til þess tilskilin réttindi.
- ! Vátryggður og sá sem hefur vinnuvélina undir höndum skal sjá til þess hún sé í lögmæltu ástandi og að notkun eða meðferð vinnuvélarinnar sé í samræmi við leiðbeiningar og þjónustuhandbók framleiðanda. Sérstaklega ber að sjá um að öryggistæki séu í lagi
- ! Vátryggðum er skylt að gæta þess, að við stjórn vinnuvéla og annarra tækja séu ekki aðrir starfsmenn en þeir, sem hafa lögskilin réttindi og hæfni til að stjórna slíkum tækjum.
- ! Stjórnendur tækis eða vélar skulu vera í líkamlegu ástandi til þess að geta rækt störf sín örugglega og ekki undir áhrifum áfengis, örvandi eða deyfandi lyfja.
- ! Áður en hafinn er gröftur í jörðu, borvinna eða sögun í húsum eða utanhúss, skulu vátryggður og starfsmenn hans kynna sér legu á leiðslum, strengjum og öðrum lögnum, þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar.



Hvar gildir tryggingin?

Vátryggingin gildir aðeins á Íslandi, nema sérstaklega sé samið um annað.



Hverjar eru helstu skyldur þess tryggða?

Veita allar nauðsynlegar upplýsingar, hvort sem er við endurnýjun eða breytingar á tryggingunni.

Tilkynna um tjón við fyrsta hentugleika og eigi síðar en innan árs frá tjónsatburði.

Ef um innbrot er að ræða skal tilkynna til lögreglu, skilyrði fyrir greiðsluskyldu að lögregluskýrslu sé skilað sem sönnun fyrir tjóni.



Hvenær og hvernig er greitt fyrir trygginguna?

Iðgjöld tryggingarinnar ber að greiða á gjalddaga. Við endurnýjun hækkar ársiðgjaldið í samræmi við breytingu á vísitölu frá grunnvísitölu samnings. Vörður sendir kröfur mánaðarlega í heimabanka eða árlega ef óskað er eftir því að greiða iðgjöld í einu lagi.

Hægt er að breyta greiðslumáta á Mínum síðum Varðar. Þar er einnig hægt að velja að greiða iðgjöld með kreditkort.



Hvenær hefst tryggingarverndin og hvernig lýkur henni?

Tryggingarsamningar gilda almennt í 12 mánuði frá samþykkt tilboðs og útgáfu tryggingar og miðast iðgjöld við ársiðgjald.

Sé tryggingu ekki sagt upp á því tímabili framlengist hún sjálfkrafa.



Hvernig er tryggingunni sagt upp?

Hægt er að segja tryggingunni upp hvenær sem er á tryggingartímabilinu.